

Nd.

558. Tillaga

til þingsályktunar um eyðibýli o. fl.

Flutningsm.: Eiríkur Einarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að útvega á þessu ári nákvæmar skýrslur úr öllum sveitum landsins um jarðir þær, er lagst hafa í eyði síðan aldamót 190?. Skal lögð áhersla á það, að skýrslurnar feli í sjer glögg yfirlit um ásigkomulag eyðibýlanna, hvern búpening þau myndu enn bera, hve fólksfrek, ef endurbygð væru, og hvort sveitarfjelögin telji sjer hagkvæmt að jarðirnar komist í bygging að nýju. Á skýrslan einnig að ná til þeirra jarða, sem eru hálfslagðar í eyði, þótt fólk hafist þar við, yrkingin svo lítil og takmörkuð, að ekki svarar til venjulegra jarðarnota.

Jafnframt fyrnefndum skýrslum afli stjórnin sjer einnig upplýsinga hjá sveitarstjórnnum um fólksþróun meðal bænda, hve margt vinnandi fólk vanti á jarðir, sem enn eru í skipulegri bygging, til þess að vel væri.

Skal stjórnin síðan, í samráði við peningastofnanirnar, búnaðarfjelag landsins og bæjarstjórnir ofbygðra kaupstaða gera og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi tillögur um endurbygging jarðanna, að svo miklu leyti sem slíkt þykir tiltækilegt.